

Reykjavík, 4. júní 2010

Við breytingu á rekstrarformi vorið 2007 lýstu forráðamenn Ríkisútvarpsins því markmiði að ná jafnvægi í reksturinn á tveimur árum - eftir linnulítið tap í áratugi. Þetta tókst. Fyrstu sex mánuðir yfirstandandi rekstrarárs Ríkisútvarpsins skiluðu smávægilegum hagnaði og þar með er ljóst að á síðasta tólf mánaða tímabili var reksturinn réttu megin við strikið. Frá því í febrúar 2009 hefur rekstur RÚV verið „norðan við núllið“ – þrátt fyrir bankahrun og kreppu.

Þetta hefur ekki verið átakalaust. Dagskrár- og fréttáþjónusta hefur verið skert bæði í útvarpi og sjónvarpi og starfsfólk mátt þola launalækkun, aukið vinnuálag og uppsagnir. Enn þurfti að herða á þessum aðgerðum um síðustu áramót þegar stjórnvöld ákváðu að skerða tekjur RÚV af almannáþjónustu um 357 milljónir og gera RÚV auk þess að greiða 63 milljónir í nýtt tryggingagjald, sem annar rekstur á vegum ríkisins fékk bætt en RÚV ekki. Með þessum aðgerðum stjórnvalda versnaði afkoma RÚV um 420 milljónir á ári, sem lætur nærri að jafngilda samanlögðum rekstrarkostnaði Rásar 1 og Rásar 2.

Meðal þeirra aðgerða sem RÚV hefur gripið til í því skyni að ná endum saman er lækkun launa um 6-15%, fækkun starfsmanna um 50, samdráttur í kaupum á erlendu efni um þriðjung, hætt við svæðisbundnar útsendingar í útvarpi, stórlega dregið saman í kaupum á efni af innlendum framleiðendum, hætt við fjölda þátta bæði í sjónvarpi og útvarpi, dregið úr frumfluttu efni bæði í útvarpi og sjónvarpi, dregið úr fréttáþjónustu, nauðsynlegum fjárfestingum og endurnýjun á tækjakosti og dreifikerfi slegið á frest þannig að nálgast hættumörk og þannig mætti áfram telja.

Nú berast þau skilaboð frá stjórnvöldum að fyrir dyrum standi að skerða enn tekjur RÚV af almannáþjónustunni og þá aftur um 9-10%, eða um 320 milljónir króna. Ef af þessari skerðingu verður væru árlegar tekjur RÚV af almannáþjónustu orðnar um 830 milljónum króna lægri að raungildi en þær voru 2006, sem var viðmiðunarárið í þjónustusamningi RÚV og Menntamálaráðuneytisins. Sé áhrifum af ofangreindu tyggingagjaldi bætt við lætur nærri að afkoma RÚV versni um 900 milljónir króna á ári vegna þessara aðgerða stjórnvalda. Þetta felur í sér eðlisbreytingu á starfsemi RÚV. Ganga þyrfti enn lengra í aðgerðum á borð við þær sem lýst er hér að framan, afleggja stóra hluta af dagskrárframboði og fréttáþjónustu og fækka starfsfólki fólki um 30-40 til viðbótar því sem áður er talið.

Það þarf væntanlega ekki að útlista það í löngu máli hér hvaða hlutverki RÚV gegnir í íslensku samfélagi – hvort sem litið er til öryggissjónarmiða eða horft til menningarlegra og lýðræðislegra þátta. Í ljósi atburða síðustu missera - og ástandsins á íslenskum fjölmiðlamarkaði - mætti jafnvel slá saman tveimur hugtökum úr hefðbundinni hlutverkalýsingu RÚV og tala um „lýðræðisleg öryggissjónarmið“.

Samkvæmt könnunum er Ríkisútvarpið ein af einungis fjórum stofnunum í samfélaginu sem meirihluti landsmanna treystir - og í samanburði á trausti fjölmiðla ber RÚV höfuð og herðar yfir alla aðra. Við núverandi aðstæður í samfélaginu ætti það að vera stjórnvöldum sérstakt kappsmál að ekki verði gengið svo hart að Ríkisútvarpinu að það geti ekki lengur staðið undir þessu trausti.


Það er borin von að RÚV geti uppfyllt hlutverk sitt eins og það er skilgreint í lögum og þjónustusamningi við þær aðstæður sem skapast ef RÚV verður gert að skera enn á ný niður um 9-10%. Þá kynni að vera komið að því að löggjafinn spyrði sig hvort yfirleitt sé ástæða til að halda úti almannaþjónustumiðli af þeim vanefnum sem þá yrði raunin.

Sé verið að fella RÚV í flokk með ríkisstofnunum sem gert var að þola 10% niðurskurð í fyrra og aftur 9-10% niðurskurð nú er rétt að benda á að sá samanburður á ekki við. Ríkisútvarpið hefur þegar skorið niður í rekstri um meira en 25% á 18 mánaða tímabili og þarf auk þess af tekjum sínum að standa skil á vöxtum og afborgunum af um þriggja milljarða skuld vegna gamalla lífeyrisskuldbindinga – öfugt við hefðbundnar ríkisstofnanir.

Síðasta álagt útvarpsgjald nam 3.766 milljónum króna og þar af innheimtust 3.299 milljónir króna. Við lítum á það sem sanngirniskröfu í þessu samhengi að Ríkisútvarpið haldi þeim tekjum sem raunverulega innheimtast af útvarpsgjaldinu en hluti þeirra sé ekki notaður til annarra þarfa ríkissjóðs.

Virðingarfyllt,

Stjórn Ríkisútvarpsins:


Grannur
Kristin Svavald
Margrét Feimanasch
Lúgvýr Steinar
Þóri Steinar

Útvarpsstjóri:


Táll Magnússon

Samrit sent:

Fjármálaráðherra og ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis
Mennta- og menningarmálaráðherra og ráðuneytisstjóra mennta- og menningarmálaráðuneytis
Nefndarmönnum menntamálanefndar
Nefndarmönnum fjárlaganefndar